



HAFNARFJÖRÐUR

Bjartir dagar 2020, 2002253

Bjartir dagar er menningarhátíð sem endurspeglar allt það fjölbreytta menningarstarf sem á sér stað í Hafnarfirði sem stofnanir, félagasamtök, fyrirtæki og einstaklingar standa að. Á Björtum dögum taka fjölmargir þátt í að skapa viðburði um allan bæ. Það getur verið eitthvað sem stendur til nú þegar eða eitthvað alveg nýtt, eitthvað risastórt eða minna í sniðum, eitthvað fyrir börn eða eitthvað fyrir fullorðna en allavega eitthvað áhugavert sem hvetur bæjarbúa til virkrar þátttöku og góðrar samveru. Hafnarfjarðarbær heldur utan um almenna skipulagningu og samhæfingu viðburða, stendur að útgáfu dagskrár og kynnir hátíðina.

Óskað verður eftir hugmyndum að dagskrá Bjartra daga sem haldnir verða dagana 22.-26. apríl í tengslum við Sumardaginn fyrsta eins og undanfarin ár. Lokafrestur til að senda inn dagskráratríði er 3. apríl.

Til þess að styðja við frumvæðisverkefni er lagt til að hluta af fjármagni Bjartra daga, allt að einni milljón, verði úthlutað til ýmissa verkefna sem fara fram á Björtum dögum. Stofnanir, félagasamtök, fyrirtæki og einstaklingar geta sótt um um fjármagn til verkefna sem fara fram dagana 22.-26. apríl að hámarki 100.000 kr. Beiðni um fjárframlag skal senda á menning@hafnarfjordur.is fyrir 22. mars og úthlutun verður lokið 1. apríl. Við úthlutun verður tekið mið af reglum menningar- og ferðamálanefndar Hafnarfjarðar um styrki til menningarstarfsemi.
